

Umsögn um sóttvarnarlög

<https://www.althingi.is/altext/151/s/0385.html>

Heilsufrelsi Íslands, félagasamtök um heilsu og frelsi einstaklingsins gera svohljóðandi umsögn um fyrirhuguð sóttvarnalög

12. Desember 2020

Við undirrituð viljum koma með eftirfarandi athugasemdir um frumvarp til breytinga á sóttvarnalögum nr 19/1997. Með hliðsjón af nýlegri [álitsgerð Páls Hreinssonar](#) um valdheimildir sóttvarnarlæknis og heilbrigðisráðherra má segja að frumvarpið sé ekki hafið yfir gagnrýni og orðalag þess er oft á tíðum frekar óljóst. En frumvarpinu var einmitt ætlað að bæta úr þessum skorti á skýrleika. Víða er ekki auðvelt að átta sig á hvað er átt við og eru til dæmis orðaskýringarnar í upphafi frumvarpsins, 1. Gr. ekki í neinu samræmi við það orðalag sem notað er í reglugerðinni sjálfri. Við teljum líka að það sé alveg nýr tónn í þessari reglugerð og hún virðist gefa stjórnvöldum frelsi til að beita meira valdi en áður hefur þekkt á Íslandi.

Af nógu er að taka en hérna er það helsta:

1. gr. liður 4:

“Ferðamaður” - er hér um að ræða alla sem ferðast?

Á þetta aðeins við um erlenda ferðamenn eða Íslendinga líka?

Niðurstaða: Þetta er óskýrt.

1. gr. liður 5:

Þessi liður veitir lagalega heimild til freklegs inngrips inn í persónulegt líf og líkama einstaklings.

“Götun og skurður í húð eða ísetning áhalds eða framandi efnis í líkamann eða rannsókn á líkamsholi” skilur eftir sig óafturkræfa aðgerð á persónulegu lífi og líkama einstaklings og hlýtur að stangast á við lög um mannréttindi, sjálfræði og persónuvernd.

Við teljum að svona skilgreiningar eigi ekki heima í reglugerðum á Íslandi. Hvar sem þeim er laumað inn. Sbr. 11.Gr. Liður 4, og liður 4 a. og b.

Hver er hugmynd löggjafans með slíku orðavali?

Hverjar eru ítrustu aðgerðir sem þessi lög eiga að heimila?

Hvaðan koma þessar orðaskýringar og hvers vegna eru þær nú settar inn í íslenskt lagaumhverfi?

Þetta er afar óljóst og býður upp á ýmsar of-túlkanir og mistúlkanir á lögum.

Vísað er í að þessi skilgreining komi frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (hér eftir nefnt AHS).

Samkvæmt “Nuremberg Code” geta íslensk stjórnvöld ekki falið sig bak við það að “yfirboðari” (AHS) hafi gefið fyrirskipanir sem leiða af sér mannréttindabrot.

Þeir sem framkvæma mannréttindabrot eru persónulega ábyrgir gerða sinna.

Á þessu var tekið eftir síðari heimsstyrjöld.

Þessi liður og allt sem honum tengist í þessu frumvarpi opnar fyrir brot á mannréttindum.

Í mörgum löndum eru líkamleg heilindi (ens: bodily integrity; þýs: körprliche Unverzehrtheit) bundin í stjórnarskrá.

Þessi liður brýtur augljóslega gegn frelsi og rétti yfir eigin líkama. Á undanförunum árum hafa mannréttindastofnanir víðsvegar barist harðlega fyrir líkamlegum sjálfsákvörðunarrétti, eru tengslin við þetta brot eitthvað annað en augljós hér?

Niðurstaða: **1. Gr. liður 5 verði felldur niður eins og hann leggur sig.**

7. gr.

Orðið “grunsamlegur” getur átt við um nánast hvern sem er. T.d. er grunsamlegt að hafa svo opið og vítt orðalag í reglugerð og síst til þess fallið að byggja upp traust á lögunum - sem hægt er að túlka á hvaða hátt sem er.

Niðurstaða: Orðalag er of víðtækt - óljóst og býður upp á ýmsar túlkánir.

10.gr. liður g:

Hver er skilgreiningin á orðinu gerviauðkenni?

Niðurstaða: Þetta orðalag þarf að vera skýrara og ber að taka út ef það vísar til þess að opna fyrir mögulegar persónunjósir.

11.Gr. Liður 2:

2. Upplýsi um ferðaslóð sína fyrir komu og framvísi heilbrigðisskjölum.

“Framvísi heilbrigðisskjölum” - er það vottorð um ónæmisaðgerð / bólusetningu?

Þetta orðalag galopnar flóð af bæði spurningum og handahófskenndu leyfi margra opinberra aðila til að túlka það sem þeim sýnist.

T.d.: Hvaða ónæmisaðgerð? Hversu mörgum? Framkvæmd af hverjum? Hver staðfestir það? Framleitt af hverjum? Með hvaða innihaldi? Hver ber ábyrgð? Hver borgar?

Er þetta “heilbrigðisskjal” fasti eða getur skjalið breyst mörgum sinnum á ári, eftir því hvaða vindar blása eða hvort það er hægri eða vinstri stjórn á landinu? Hverjir stjórna (AHS) á hverjum tíma? Hvar byrjar það og hvar endar það?

Niðurstaða:

Þessi liður er óskýr, vægast sagt og ber að taka út.

11. Gr. liður 4

Undirgangist læknisskoðun sem er eins lítið nærgöngul og unnt er til að ná settu

lýðheilsuþæmi. **Ekki skal beitt inngrípum nema gagnvart þeim sem grunur leikur á að hafi orðið fyrir smiti.**

Í þessum lið er gefin heimild til mannréttindabrots sem byggist einvörðungu á grun um smit. Sé grunur á smiti ætti að fara fram á sóttkví eða einangrun en aldrei inngríp. Sjá skilgreiningu þessa frumvarps. (1 Gr. liður 5)

-Þarna vantar "rökstuddur grunur". "grunur" er opinn tékki á hvað sem er. Hvernig inngríp er verið að tala um? Á að vera hægt að neyða fólk til að taka við "inngrípi"? Sbr. 1.Gr. 5.lið.

Ef vísbendingar eru um að lýðheilsa sé í yfirvofandi hættu getur ráðherra ennfremur kveðið á um í reglugerð að ferðamenn skuli undirgangast:

4.a. ónæmisaðgerð eða

Athugasemd við lið 4.a.

Á að vera hægt að skylda fólk til að fara í ónæmisaðgerð?

Fyrir alla þá sem eitthvað vita um ónæmisaðgerðir þá virka þær ekki samstundis. Það tekur ónæmiskerfið nokkra daga að bregðast við og mynda ónæmi hvort sem náttúruleg sýking á sér stað eða ónæmisaðgerð. Því spyrjum við hvers vegna ætti að bólusetja smitaðan einstakling? Náttúruleg sýking er eðlileg leið mannkyns til að takast á við sjúkdóma. Innsprautun fer á hinn bóginn fram hjá öllum náttúrulegum vörnum líkamans. Fyrir vikið byggir ónæmiskerfið ekki upp langtíma ónæmi. Sýnt hefur verið fram á að náttúrulegt ónæmi er mun varanlegra en lækisfræðileg ónæmisaðgerð.

Sem dæmi þá gefur eðlilegt mislingasmit áratuga langt ónæmi, jafnvel ævilangt.

En "ónæmisaðgerð með MMR bóluefninu" gerir það ekki.

Samkvæmt CDC USA er lagt til að MMR bólusetning sé gefin fyrst 12-15 mánaða, síðan 6-7 ára og svo viðhaldið reglulega frá unglingsárum og fram á fullorðinsár til að viðhalda "ónæmi".

Að festa það í lög að ónæmisaðgerð sé úrræði og réttur stjórnvalda yfir líkama þegna sinna er beinlínis hættulegt og jafnframt tilgangslaust, og lýsir meira valdbeitingarpörf stjórnvalda en vísindalegri nálgun við aðstæður.

Svona nokkuð á ekki heima í íslenskum lagabálkum.

Þarna er aftur inngríp sem er þvert á frelsi og ferðafrelsi einstaklingsins.

Er hér kveðið á um að eingöngu ferðamenn sem hafa fengið ónæmisaðgerð / bólusetningu megi koma til landsins? Bólusetningu frá hvaða framleiðanda? Með hvaða innihaldi? Hversu margar bólusetningar? Hver er ábyrgðaraðili? Geta skilyrði breyst milli ára - hver ákveður það?

Þessi reglugerð virkar eins og galopin heimild til inngrípa í persónulegt líf einstaklinga.

-Þarna virðist vera lagt til að bólusetningarskyldu skuli/geti verið komið á. Orðalag er of víðtækt og þarf að endurskoða.

Fella verður niður lið 4.a. í núverandi mynd og í hans stað setja sem skilyrði 14 daga sóttkví sé grunur um smit.

Liður 4.b.

“Þvingun”, skilgreina mun betur hvað átt er við. Hér eru yfirvöldum gefnar frásar hendur til að þvinga og beita valdi. Hvoru tveggja, liður a. og b. eru mannréttindabrot og er því með þessu frumvarpi verið að leggja til að festa mannréttindabrot í lög.

“óháð því hvort grunur leikur á um að einstaklingur hafi orðið fyrir smiti.”

Hér er opnað fyrir óhefta og tilefnislausu valdbeitingu á samfélagsþegnum og ferðamönnum. Einnig virðist AHS vera eina valdastofnunin sem horft er til varðandi mikilvægar ákvarðanir á þessu sviði.

Minnispunktur til umhugsunar:

Fari þessi lög í gegn, í þessu fasta sambandi við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina þar sem þeirri stofnun er gefið nánast allt vald yfir þegnum þessarar þjóðar, er þá ekki rétt að leggja niður embætti sóttvarnarlæknis í þessum lögum?

Lögin, eins og þau koma fram í þessu frumvarpi virðast hafa þann tilgang að færa Ísland og Íslendinga -frjálsa þjóð, undir stjórn þessara alþjóðasamtaka.

Í þessu frumvarpi er verulega vegið að lýðræði Íslendinga, sjálfræði einstaklinga yfir eigin líkama og lífi og þeim gildum sem við sem þjóð viljum kenna okkur við.

Aðheilbrigðismálastofnunin byggir ekki á þjóðkjörnum leiðtogum heldur virðist stjórn þessara samtaka vera ábyrgðarlaus gagnvart þeim sem þeir í raun munu koma til með að stjórna, fari lögin í gegn óbreytt.

Þórólfur Guðnason sóttvarnarlæknir hefur í raun sjálfur sagt starfi sínu lausu með sinni nálgun á aðgerðum s.l. mánuði, en hann hefur sagt að hann hvorki kynni sér né lesi rannsóknir annara vísindamanna um framgang þessa faraldurs og líti eingöngu til leiðbeininga AHS.

Ísland er lítið land og aðstæður okkar oft mjög ólíkar aðstæðum í öðrum löndum og ætti því sóttvarnarlæknir að vera virkur í sérfræðipækkingu sinni. Hann ætti ekki að láta erlendar stofnanir leiða sig án aðlögunar við aðstæður hér heima. Heilbrigðisráðherra í samvinnu við sóttvarnarlækni taka loka ákvörðun og bera ábyrgð samkvæmt því.

Í þá 9 mánuði sem þessi yfirlýsti faraldur hefur nú geisað eru einu lausnir sóttvarnaryfirvalda þessar: Grímur, mjög íþyngjandi aðskilnaður fjölskyldna, fjarlægðartakmarkanir, samkomubönn, lokanir fyrirtækja og væntanleg bólusetning.

Hræðsluáróður hefur verið ógnvekjandi og yfirgnæfandi í gegn um þennan tíma.

Margt fólk er mjög hrætt og kvíðið.

Vel er þekkt, eða ætti að vera þekkt þeim læknum sem stýrt hafa aðgerðum, sem fagfólki í heilsu, að ónæmiskerfi fólks er nær óstarfhæft í óttaástandi. Þetta ættu þeir læknar sem hér hafa stýrt að vita og því hefði nálgun mátt vera meira byggð á fagþekkingu og leiðsögn í heilsu og uppbyggingu ónæmiskerfisins, en ekki óttavakningu, eins og raunin hefur verið.

Í þessu hefur fagfólk í raun brugðist landsmönnum.

Þarna hafa fjölmiðlar einnig sinnt sínu starfi illa. Á ögurstundu hafa þeir frekar bætt í en dregið úr ótta almenninga.

Við leggjum til að hæft fagfólk, svo sem næringarfræðingar, sálfræðingar, lýðheilsufræðingar, sjúkrálfarar, grasalæknar, græðarar og aðrir slíkir verði kallaðir til að aðstoða, fræða og styðja fólk á meðan á sóttvarnaraðgerðum stendur. Þannig má draga úr neikvæðum langtímaáhrifum og ótta í samfélaginu.

Valdaframsal Íslenska Lýðveldisins til stofnunar úti í heimi er ekki það sem frjáls þjóð óskar eftir.

(Hver stjórnar AHS? Hverjir eru stærstu styrktaraðilar - geta slíkir styrkir haft áhrif á stefnu og boðskap AHS? Þetta eru atriði sem koma okkur öllum við og hafa bein áhrif á Ísland?) Slíkt valdaframsal hlýtur að þurfa umtalsverða umræðu í samfélaginu og kalla á þjóðaratkvæðagreiðslu?

Að afhenda AHS vald yfir Íslendingum, sem gerist með þessu frumvarpi óbreyttu, á sér enga lagalega stoð í EES samningum..

Samkvæmt Nuremberg Code lögnum (Grein nr.6) sem sett voru eftir seinni heimstyrjöldina þá er bólusetningarskylda hverskonar og/eða tilraunir með fólk og/eða ísetning hverskyns efna/hluta án samþykkis einstaklings hreint og beint brot á þeim reglum. Einstaklingur getur og má hafna slíkri meðferð án afleiðinga.

Vaccines are in direct violation of The Nuremberg Code

Forced, coerced, and mandated vaccination are in violation of these principals.

A VIOLATION OF ARTICLE 6 OF THE UNESCO 2005 STATEMENT ON BIOETHICS AND HUMAN RIGHTS

Article 6, section 1:

Any preventive, diagnostic and therapeutic medical intervention is only to be carried out with the prior, free and informed consent of the person concerned, based on adequate information. The consent should, where appropriate, be express and may be withdrawn by the person concerned at any time and for any reason **WITHOUT DISADVANTAGE** or prejudice. (caps mine)

Article 6, section 3:

In no case should a collective community agreement or the consent of a community leader or other authority substitute for an individual's informed consent.

Einnig má benda á að í raun gengu Nuremberg réttahöldin út á það að það er ekki hægt að skýla sér á bakvið skipanir frá yfirmanni, yfirvaldi eða alþjóðastofnun ef því er að skipta (t.d WHO) og telja sig lausa undan ábyrgð. Hver og einn ber persónulega ábyrgð. Þ.e.a.s. þeir sem myndu samþykkja þessi lög (lesist [ólög](#)) eru persónulega ábyrgir fyrir því. Einnig þeir sem myndu framkvæma þau.

Varðandi ábyrgð - þá er það síður en svo traustvekjandi að framleiðendur COVID 19 bóluefnanna vilja nú firra sig ábyrgð frá bótaskyldu ef aukaverkanir koma upp. Hverju sætir það? Hvað óttast þeir? Hvað vita þeir umfram hinn almenna þjóðfélagsþegn? Hvar sækir maður um slíka undanþágu frá bótaskyldu? Getur einstaklingur sem framleiðir t.d. lönvélar sótt um að vera /laus undan ábyrgð-og látið ríkið borga bætur ef eitthvað bilar í lönvélunum og veldur skaða á fólki? Til að gæta jafnræðis þá myndu undirritaðir vilja fá slíka meðferð á hverju sem þeim dettur í hug að framleiða í framtíðinni.

Varðandi bóluefni almennt:

Ef bólusetningin raunverulega virkar - og einstaklingar vilja/velja bólusetningu, þá er það þeirra val. Og ef hún virkar, af hverju ætti þá bólusettingur að hræðast óbólusettan einstakling?

Að krefjast þess að allir taki bólusetningu stríðir gegn niðurstöðu Nuremberg réttarhaldanna.

Til umhugsunar varðandi Covid-19 og AHS

Eftirfarandi texti er beint af heimasíðu AHS (WHO):

“Flestir sem smitast með COVID-19 Vírus finna fyrir vægum eða mildum einkennum og ná sér án nokkurar sérmeðferðar.”

Textinn hér að neðan er tekinn af heimasíðu AHS. [Health topics - coronavirus](#).

(Upprunalegi textinn á síðu AHS)

Coronavirus disease (COVID-19) is an infectious disease caused by a newly discovered coronavirus.

Most people infected with the COVID-19 virus will experience mild to moderate respiratory illness and recover without requiring special treatment. Older people, and those with underlying medical problems like cardiovascular disease, diabetes, chronic respiratory disease, and cancer are more likely to develop serious illness.

The best way to prevent and slow down transmission is to be well informed about the COVID-19 virus, the disease it causes and how it spreads. Protect yourself and others from infection by washing your hands or using an alcohol based rub frequently and not touching your face.

Þetta er ákveðin vísbending um hvað heimurinn er að kljást við í COVID - og hvernig sjúkdómurinn birtist / þróast hjá flestum. **Lagabreytingar og viðbrögð ættu samkvæmt allri skynsemi að taka mið af þessum staðreyndum. Viðbrögð hafa verið gerræðisleg og þetta frumvarp endurspeglar það.**

Meira af AHS (WHO):

“The World Health Organisation has urged countries not to reimpose national lockdowns in an attempt to stem the spread of Covid-19 due to the health, social and economic repercussions.”
1. ágúst 2020

“AHS” hvetur ríki til að beita ekki lokunum samfélaga til að draga úr dreifingu COVID-19 vegna heilsu, samfélags og efnahags afleiðinga.

Frétt af “The daily telegraph, ágúst 2020: **Top WHO disease detective warns against return to national lockdowns**

“The World Health Organization’s special envoy on COVID-19 urged world leaders this week to stop “using lockdowns as your primary control method.” ”

“Covid-19 nefnd á vegum AHS hvetur þjóðarleiðtoga að hætta samfélagslegum lokunum sem fyrst. “

Frétt af Examiner, 10.Október 2020:

[WHO official urges world leaders to stop using lockdowns as primary virus control method](#)

Önnur hugleiðing, 12.000 vísindamenn og yfir 38.000 úr heilbrigðisgeiranum:

Okkur sýnist að ef þessi tillaga að sóttvarnarlögum eigi að byggja á reynslu af COVID-19. Þá er ágætt að hafa það í huga að yfirlýsingin hér að neðan, varð einnig til vegna COVID.

Þessi yfirlýsing er undirrituð af læknum og vísindamönnum alls staðar að. Þetta eru ekki bara einhverjir læknar og vísindamenn, né heldur eru þeir fámennur hópur, heldur vel yfir 12.000 vísindamenn og yfir 38.000 manns í heilbrigðisgeiranum þegar þetta er skrifað.

Og sífellt bætist í:

[Great barrington declaration](#)

Ein spurning í lokin:

Voru einhverjir bóluefnaframleiðendur (hagsmunaaðilar e. Stake holders) eða einhverjir á þeirra vegum sem tóku þátt í að móta þetta frumvarp?

Hvort sem um er að ræða hér heima eða við gerð þess hluta laganna hjá AHS sem íslensku lögin fara eftir?

Ef svo er þá er það okkar skoðun að það þurfi að byrja upp á nýtt og hleypa öllum aðilum að borðinu, einnig félagasamtökum eins og t.d. Heilsufrelsi Íslands og fleirum.

Við viljum benda á að ef okkur yfirsást hverskonar “inngrip” eða frelsisskerðing í þessum langa og þvælna lagabálki þá mótmælum við þeim öllum hér með.

Fyrri sóttvarnarlög töldu 6 síður en þetta frumvarp með öllum sínum lagaskýringum telur 26 síður.

Var ekki tilgangur þessa frumvarps að einfalda lögin og skýra?

Ef okkur er að yfirsást einhver af mörgum tilraunum í þessu frumvarpi til að lauma inn “leyfi” til að ráðskast með borgara þessa lands þá mótmælum við þeim.

Þessi lagabálkur er svo óskýr í heild sinni að faglegt mat ætti að vera: Endurgerið frumvarpið - með einfaldleika og heiðarleika og virðingu gangvart borgum þessa lands að leiðarljósi.

Eftirfarandi aðilar standa að þessari umsögn.

Við undirrituð hvetjum yfirvöld til að taka tillit til hennar:

Heilsufrelsi Íslands (það eru 3000 meðlimir á FB síðu samtakanna)

Friðrik Bjarnason

Guðmundur Ragnar Guðmundsson

Björg Marteinsdóttir

Guðrún Arnalds

Guðrún Ólafsdóttir

Magnús Orri Grímsson

Benedikta Jónsdóttir

Hildur Jónsdóttir

Ásta Lárusdóttir

Guðrún Tinna Thorlacius

Tristan Gribbin

Stefán Árni Þorgeirsson

og aðrir frelsissinnar...